

REGLUGERÐ

um stóreignaskatt samkv. 12. gr. laga nr. 22/1950.

1. gr.

Á árinu 1950 skal leggja sérstakan stóreignaskatt á alla þá einstaklinga, sem eru eignarskattsskyldir samkv. lögum nr. 6/1935, þar með talin dánarbú, ef þeir eiga yfir 300 þúsund krónur í skattskyldum eignum, eins og þær eru ákveðnar í þessari reglugerð.

2. gr.

Stóreignaskatturinn miðast við eignir gjaldanda eins og þær eru 31. desember 1949, og skal skattskyld eign ákveðin eftir fyrirmælum laga nr. 6/1935 um álagningu eignarskatts, með þeim undantekningum, sem gerðar eru á 3.—12. gr. hér á eftir, sbr. einnig 13.—14. gr.

3. gr.

Við ákvörðun þessa skatt skulu fasteignir taldar til eignar með margfölduðu fasteignamati.

- | | |
|--|-------------------|
| a. Í Reykjavík | margfaldað með 6. |
| b. Í öðrum kaupstöðum með yfir 4000 íbúa | — — 5. |
| c. Í öðrum kaupstöðum með 2001—4000 íbúa | — — 4. |
| d. Í öðrum skattaumdæmum | — — 3. |

Miða skal við fólksfjölda samkvæmt manntali í árslok 1948.

4. gr.

Fasteignir, sem ekki eru komnar í fasteignamat 31. desember 1949, skulu taldar með kostnaðarverði og gildir það jafnt um nýbyggingar og hús í smíðum, sem um sumarbústaði, verksmiðjuhús eða önnur mannvirki, sem ekki hafa verið metin til fasteignamats. Að því leyti sem fyrningarfrádráttur hefur verið leyfður til skatts á einhverjum slíkum eignum, skal þó við það miða.

5. gr.

Skip og báta skal telja til eignar með váttryggingarverði, miðað við 31. des. 1949. Telji skattgreiðandi eða fjármálaráðuneytið, að váttryggingarverð skips sé í ósamræmi við eðlilegt söluverð, getur hvor framangreindra aðila krafist, að eignarmat sé ákveðið af þriggja manna matsnefnd. Tilnefnið fjármálaráðherra einn, Fiskifélag Íslands annan og Hæstiréttur hinn þriðja.

Við eignarmat á lausafé, öðru en skipum, skal fylgja ákvæðum skattalaga.

6. gr.

Um eignarmat og ákvörðun á öðrum eignum og skuldum en þeim, sem hér hefur verið sérstaklega rætt um, skal fylgja ákvörðun skattanefnda og skattstjóra við samningu skattskrár 1950, sbr. þó 13. gr., og ákvæði 19. gr. reglugerðar þessarar, um samræmingu á mati og eignaákvörðun milli einstakra skattumdæma samkv. endurskoðun Skattstofu Reykjavíkur.

7. gr.

Innstæður, sem skattgreiðendur kunna að eiga erlendis þann 31. des. 1949, að því leyti sem þær eru óeyddar 19. marz 1950, skulu taldar til eignar með skráðu kaupgengi 20. marz 1950, Sé um að ræða fyrirframgreiðslu upp í vörur, skal inn-

stæðan metin til eignar með tilsvarendi gengi og miðað er við, þegar verðlagning 133
umræddrar vöru er ákveðin.

30. júní

Erlend hlutabréf eða eignahlutdeildir í erlendum félögum ber að telja til eignar eftir sömu reglum og innstæður í erlendri mynt.

8. gr.

Skuldir í erlendum gjaldeyri, sem skattgreiðandi skuldar erlendis, að því leyti, sem þær eru ógreiddar 19. marz 1950, skulu reiknaðar samkvæmt sölugengi 20. marz 1950. Þetta nær þó eingöngu til skulda, sem stofnað hefur verið til vegna innflutnings á vörum eða skipum með leyfi gjaldeyrisyfirvalda, og að því er vörur snertir bundið því skilyrði, að sönnur liggi fyrir um, að útsöluverð vörunnar hafi verið ákveðið fyrir 19. marz 1950 og útsöluverðið miðað við gengi fyrir þann tíma.

9. gr.

Að því er viðkemur erlendum innstæðum, sbr. 7. gr., eða erlendum skuldum, sbr. 8. gr., skulu þeir skattgreiðendur, er hér eiga hlut að máli, gera skattyfirvöldum á þann hátt og innan þess tíma, sem krafist verður, fullnægjandi grein fyrir þeim breytingum, sem kunna að hafa orðið á þessum innstæðum eða skuldum á tímabilinu frá 31. des. 1949 til 19. marz 1950, og færa sönnur fyrir því, að þeir fullnægi skilyrðum til að njóta þeirra ívilnana, sem í þessum greinum eru fólgnar, að öðrum kosti fellur réttur þeirra til slíkra ívilnana niður.

10. gr.

Hjá félögum og einstaklingum, sem lagt hafa í nýbyggingarsjóði samkvæmt lögum nr. 20/1942, skulu þessir sjóðir dregnir frá hreinum eignum hlutaðeigenda áður en stóreignaskattur er á lagður, og gildir þetta jafnt um þann hluta nýbyggingarsjóðs, sem varið hefur verið til kaupa á framleiðslutækjum, og hitt, sem óráðstafað er.

11. gr.

Frá eignum samvinnufélaga, sbr. lög nr. 46/1937, skal draga þann hluta eigna þeirra, þ. e. óskiptilega sameignarsjóði, sem óheimilt er að skipta milli félagsmanna við félagsslit, en eiga að afhendast því opinbera til varðveislu samkvæmt nefndum lögum.

12. gr.

Frá hreinum eignum gjaldenda skal draga skatta, útsvör og tryggingargjöld, sem þeir kunna að skulda 31. des. 1949 og á þá hefur verið lagt fyrir þann tíma, enn fremur söluskattur til ársloka 1949 álagður árið 1950, enda hafi söluskatturinn verið greiddur áður en stóreignaskattur er ákveðinn.

Hins vegar skal eigi tekið tillit til neinna gjalda, annarra en söluskatts, sem álögð eru eftir 1. janúar 1950.

13. gr.

Eignir félaga skulu ákveðnar samkvæmt reglum 2.—12. gr. á sama hátt og eignir einstaklinga. Í þessu sambandi telst til félaga hvers konar félög, félagasambönd, samlög eða stofnanir, sem fallið geta undir a—c-liði 3. gr. laga nr. 6/1935, þar með talin félög og stofnanir, sem veitt er skattfrelsi með sérstökum lögum.

Hreinum eignum félaga, þannig ákveðnum ásamt eignahlutdeildum þeirra í öðrum félögum, skal skipt niður á eigendur þeirra í réttu hlutfalli við hlutfjár- og stofnfjáreign þeirra hvers um sig, og sá hluti heildareignar félags, sem þannig kemur í hlut hvers félageiganda, telst með öðrum eignum hans, þegar heildarfjárhæð stóreignaskatts er ákveðin. Félagseigandi telst hér hver sá, sem á einhvern hátt er þátt-

133 takandi eða meðlimur í einhverjum slíkum félagsskap, sem hér um ræðir, og félög 30. júní jafnt og einstaklingar.

14. gr.

Þegar ákveðin hefur verið heildareign hvers einstaklings til stóreignaskatts, að meðtalinni eignarhlutdeild hans í eignum félaga samkv. 13. gr., skal annars vegar reikna út grunnskatt hans, þ. e. af skattskyldri eign annarri en eign í félögum og hins vegar heildarskatt, þ. e. af eign einstaklings að viðbætti eignarhlutdeild hans í félögum. Í þessu sambandi telst hlutfé eða stofnfé ekki með grunnskattseigninni heldur telst til eignarhlutdeildar í félögum.

Mismunur á grunnskatti og heildarskatti greiðist af hlutaðeigandi félagi eða félögum. Þetta nær þó eingöngu til hlutfélaga og samvinnufélaga. Sé um að ræða eignarhlutdeildir í fleiri félögum, skal skipta skatti þeim, er félagi ber að standa skil á, milli þeirra eftir eignarhlutdeild í hverju félagi fyrir sig, að hlutfé eða stofnfé meðtöldu.

Við ákvörðun hlutfallsins í skatti milli einstakra félaga, skal heildareign og eignarhlutdeildir í hverju félagi talið í heilum hundruðum króna og hlutfallið ákveðið í heilum hundraðshlutum.

15. gr.

Nú er heildarskattur hækkaður eftir á, eftir að lokið hefur verið skiptingu skatts, sem félagi ber að standa skil á, eða hlutföllin breytast milli hinna einstöku skatthluta, og breytingin stafar af undandrætti, vanrækslu eða skökkum upplýsingum einhvers þess aðila, sem hér á hlut að máli, hvort sem er greiðandi grunnskatts eða einhvers hluta þess skatts, er félög greiða, eða einhvers á þeirra vegum, og kemur þá slík hækkun heildarskattsins eða á skatthlutum til viðbótar skatthluta þess aðila, sem undandrátturinn hefur orðið hjá eða talinn verður að öðru leyti bera ábyrgð á skattbreytingunni.

Hið sama gildir, ef einstaklingur eða félag hefur eigi talið fram til skatts og síðar kemur í ljós, að eignir hafa verið of lágt ákveðnar.

16. gr.

Stóreignaskattur af eignum einstaklinga ákveðnum samkv. framansögðu skal nema sem hér segir:

Af eign, sem nemur:

kr. 300 000 og þar undir, skal engan skatt greiða.	
— 300 000— 500 000, skal greiða 10% af því, sem er umfram kr. 300 000.	
— 500 000—1 000 000, — — — kr. 20 000 af kr. 500 000 og 15% af afgangi.	
— 1 000 000—1 500 000, — — — 95 000 — — 1 000 000 — 20% — —	
— 1 500 000 og þar yfir, — — — 195 000 — — 1 500 000 — 25% — —	

Skatturinn skal ákveðinn í heilum krónum.

Ef grunnskattur, skatthluti, sem félagi ber að standa skil á, eða heildarskattur, sbr. 14. gr., nemur eigi kr. 50.00, fellur hann niður.

Ef skatthluti félags, sbr. 14. gr., nemur eigi kr. 100.00, greiðist hann af einstaklingi ásamt grunnskatti.

17. gr.

Greiðsla á skatti vegna félagseigenda samkv. framansögðu telst ekki skattskyld, hvorki sem arður til hluthafa né ráðstöfun á varasjóði, enda sé greiðslan tekin af eignum, sem félagið átti 31. des. 1949.

18. gr.

Fjármálaráðuneytið tilkynnir yfirskattaneftndum og skattstjórum hverjar ráðstafanir og aðgerðir fram skuli fara í hverju umdæmi til sannprófunar réttu eignarframtali einstaklinga og félaga og til undirbúnings álagningar stóreignaskattsins.

19. gr.

Skattstofa Reykjavíkur annast um lokaákvörðun og samræmingu á mati á eign- um einstaklinga og félaga, skipting á eignarhlutdeildum félaga, álagningu stór- eignaskattsins og hlutfallsskiptingu á skatti vegna félaga. Hefur Skattstofan rétt til að krefjast allra gagna í þessu sambandi, af skattyfirvöldum og öðrum aðilum, eftir því sem nauðsyn krefur.

133

30. júní

20. gr.

Álagningu stóreignaskatts skal lokið í síðasta lagi 31. des. 1950. Tilkynna skal hverjum gjaldanda í ábyrgðarbréfi um grunnskatt hans, ásamt skatti, sem félagi ber að standa skil á og hvernig hann skiptist milli hlutaðeigandi félaga. Jafnframt skal tilkynna hverju félagi um þann félagaskatt, er því ber að greiða og vegna hverra.

21. gr.

Fjármálaráðuneytið úrskurðar kærur út af álagningu stóreignaskattsins, og skulu kærur komnar til ráðuneytisins í síðasta lagi 1. febrúar 1951, að því er snertir Reykja- vík, og 15. febrúar 1951, að því er snertir aðra landshluta.

Skal lokið að úrskurða kærur eigi síðar en 10. marz 1951.

22. gr.

Stóreignaskattur skal greiddur í síðasta lagi 30. júní 1951, og skal skatturinn innheimtur af sömu aðilum og annast um innheimtu tekju- og eignarskatts.

Sé stóreignaskattur hærri en kr. 2000.00, þ. e. grunnskattur einstaklings eða heildarskattgreiðsla einhvers félags, er gjaldanda heimilt að greiða allt að 90% af því, sem þar er fram yfir með skuldabréfum, er hann gefur út, í því formi og með þeim skilmálum, sem ríkisstjórn ákveður. Andvirði bréfanna greiðist með jöfnum afborgunum á eigi lengri tíma en 20 árum og séu ársvextir af þeim 4%. Til trygg- ingar greiðslu skuldabréfanna, skal ríkissjóður fá veð í hinum skattlögðu eignum og eignin veðhæf fyrir fjárhæð, er samsvarar matsverði hennar til stóreignaskatts. Fjármálaráðherra felur ákveðnum aðila eftirlit með því, að hinar veðbundnu eignir ryrni ekki að verðmæti.

Skipa skal nefnd, eftir tilnefningu Hæstaréttar, er hefur rétt til að ákveða, að niður falli kvöð á gjaldanda um veðsetningu, ef nefndin telur að veðsetning muni hindra eðlilegan atvinnurekstur gjaldanda.

23. gr.

Til greiðslu á skattinum er heimilt að afhenda fasteignir með því matsverði, sem ákveðið er í lögum um gengisskráningu o. fl., nr. 22 19. marz 1950, sbr. lög nr. 59 25. maí 1950 um breyting á þeim lögum.

24. gr.

Nú telur einstaklingur eða félag ekki fram til skatts og eignir því áætlaðar, en kemur síðan í ljós við kærur, að eignir til stóreignaskatts eru of hátt áætlaðar, og skal þá eigi tekið tillit til þeirrar lækkunar nema sannað sé, að mismunurinn sé meira en $\frac{1}{4}$.

25. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 50 þúsund krónum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum heimildum.

26. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum um gengisskráningu o. fl., nr. 22/1950, sbr. lög nr. 59/1950 og bráðabirgðalög 30. júní 1950 um breyting

133 á lögum nr. 22/1950, um gengisskráningu o. fl., og lögum um tekju- og eignarskatt, 30. júní nr. 6/1935, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 30. júní 1950.

Eysteinn Jónsson.

Kjartan Ragnars.

134

30. júní

GJALDSKRÁ

fyrir bryggju að Brekku í Mjóafirði.

1. gr.

Stofna skal sjóð, er nefnist bryggjusjóður. Í hann renna allar tekjur bryggjunnar samkvæmt gjaldskrá þessari.

Bryggjusjóði skal varið í þarfir bryggjunnar, til greiðslu á stofnkostnaði hennar, kostnaði við stjórn og umsjón, til umbóta á bryggju og hliðstæðum mannvirkjum og til viðhalds þeirra, o. s. frv.

Reikningsár bryggjusjóðs er almanaksárið. Eigendur bryggjunnar skulu senda hreppsnefnd reikninga bryggjusjóðsins.

2. gr.

Hvert skip, er leggst að bryggjunni eða skipi, sem liggur við hana, greiði bryggjugjald sem hér segir:

Öll aðkomuskip greiði 20 auro af hverri brúttó-smálest. Minnsta gjald skal þó vera kr. 3.00.

Bátar, heimilisfastir, greiða fyrir afnot bryggjunnar eftir samkomulagi. Þó greiða bátar 12 smál. og stærri ekki yfir 100 krónur á ári, og minni bátar ekki yfir 50 krónur.

Bryggjugjald fyrir aðkomuskip reiknast fyrir hverjar 24 klst. eða brot úr þeim.

Fyrir sérstaka notkun á bryggju, bólvirkjum og uppfyllingum, svo sem aðgerð á fiski, flökun, fiskverkun, síldarsöltun o. fl., skal greiða eftir samkomulagi.

3. gr.

Vörugjald skal greiða af því, sem útskipað er eða afskipað á bryggjunni, svo sem hér segir:

1. Ull, kjöt, gærur, garnir: 3 kr. hver 100 kg.
 2. Matur, kornvara, kaffi, sykur: 2 kr. hver 100 kg.
 3. Garðávextir, fóðurvörur, tilbúinn áburður: 1.50 kr. hver 100 kg.
 4. Hey, salt, kol, sement, byggingavörur aðrar en timbur: 1.25 kr. hver 100 kg.
 5. Olía, benzín: 3 kr. hver tunna eða 1.25 hver 100 kg.
 6. Fiskur, nýr, saltaður, frystur; beitusíld: 1 kr. hver 100 kg.
 7. Timbur, búslóð: 20 auro hvert ten.fet.
 8. Saltsíld: 1 kr. hver tunna.
 9. Tunnur, tómar: 50 auro hver.
 10. Stórgripir: 5 kr. hver gripur.
 11. Sauðfé: 50 auro hver kind.
 12. Stykkjavara: 75 auro stk.
 13. Vörur eftir máli, aðrar en timbur og búslóð: 40 auro hvert ten.fet.
 14. Vörur eftir þyngd, ótaldar annars staðar: 2 kr. hver 100 kg.
- Minnsta gjald er 50 auro.